

176. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

11. september 2009, kl. 10:00 .

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir , Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Lokun Kirkjuferjuháleigu.

Sveitar- og bæjarstjórar á starfssvæði SOS hafa undirritað og sent áskorun til Sveitarfélagsins Ölfuss um endurskoðun ákvörðunar um lokun Kirkjuferjuháleigu. Bréfið verður tekið fyrir 24. september.

2. Framtíðarskipan úrgangsmála.

Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur að framtíðarskipan úrgangsmála byggðar á þeim umræðum sem fóru fram á fundinum.

3. Fjárhagsáætlun 2010.

Fyrstu drög að fjárhagsáætlun lögð fram, framkvædarstjóra falið að vinna áfram með áætlunina. Ræddar voru hugmyndir um setja inn í samþykktir byggðasamlaga sveitarfélaga á Suðurlandi að fjárhagsnefnd starfi á milli aðalfunda. Stjórn telur í ljósi þess að samlögin hafa hvert fyrir sig sjálfstæðar stjórnir, þá sé ekki nauðsynlegt að starfandi sé fjárhagsnefnd milli aðalfunda, en telur mikilvægt að stjórnir viðkomandi byggðarsamlaga séu vel meðvitaðar um mismunandi aðstæður í rekstrarumhverfi aðildarsveitarfélaga á hverjum tíma.

4. Ársskýrsla fyrir aðalfund.

Uppkast að ársskýslu lagt fram til kynningar.

5. Nýir urðunarstaðir.

Rædd vinna starfshóps um framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi. Samþykkt að boða til fundar 25. september nk með vinnuhópnum þar sem kynntar verða tillögur stjórnar um framtíðarskipan í úrgangsmálum á Suðurlandi. Jafnframt verða þar lögð fram þau gögn sem aflað hefur verið um líklega urðunarstaði.

6. Metan greinargerð.

Lögð fram til kynningar greinargerð frá Mannvit um Metanvinnslu á Kirkjuferjuháleigu.

7. Önnur mál.

Blátunna. Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur munu um mánaðarmótin taka í notkun nýtt fyrirkomulag á flokkun til endurvinnslu og sorphirðu. Um er að ræða tveggja tunnu lausn og endurskipulag gámasvæða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:20

